

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um útgjöld og notkun á almennum og sérsmíðuðum hugbúnaði hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess.

1. *Hver hafa verið útgjöld ráðuneytisins og undirstofnana þess vegna hugbúnaðarkaupa frá árinu 2009? Hve háum fjárhæðum var varið til kaupa á sérsmíðuðum kerfum annars vegar og til kaupa á almennum hugbúnaði hins vegar?*

Í töflu hér að neðan má sjá kostnað við hugbúnað bókaðan á tegundalykla sem bókað er á vegna kaupa, notkunar og uppfærslum á hugbúnaði. Fyrir aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytisins eru tölurnar teknar úr bókhaldi dóms- og mannréttindaráðuneytisins 2009–2010, innanríkisráðuneytisins 2011–2017 og dómsmálaráðuneytisins 2017–2019. Tölur vegna undirstofnana eru fengnar úr bókhaldi stofnana og úr bókhaldi Fjársýslu ríkisins.

	Gjöld
Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	42.057.481
Dómstólasýslan	176.538.227
Fangelsismálastofnun ríkisins	71.600.056
Héraðsdómstólar	39.300.269
Héraðssaksóknari	54.127.077
Hæstiréttur	39.209.489
Kærunefnd útlendingamála	2.366.455
Landhelgisgæsla Íslands	385.227.501
Landsréttur	56.977.745
Lögreglustjórinn á Austurlandi	488.963
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	136.167.828
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	307.598
Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	1.084.830
Lögreglustjórinn á Suðurlandi	1.334.902
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	23.107.311
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	168.000
Lögreglustjórinn á Vesturlandi	757.154
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	2.715.931
Málskostnaður í opinberum málum	83.754
Ríkislögreglustjóri	939.916.388
Ríkissaksóknari	15.708.146
Schengen-samstarf	267.481.633
Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008	12.541.802
Stjórnartíðindi	18.780.941
Sýslumaðurinn á Austurlandi	11.222.560
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	21.120.741

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	11.154.426
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	5.743.792
Sýslumaðurinn á Suðurlandi	23.780.343
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	55.995.971
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	8.366.633
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	6.417.274
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	5.163.044
Útlendingastofnun	33.861.865
Ýmis verkefni, dómsmálaráðuneytið	20.945.721
<b>Samtals</b>	<b>2.491.821.851</b>

2. *Hve háum fjárhæðum vörðu ráðuneytið og undirstofnanir þess til greiðslu leyfisgjalda fyrir hugbúnað annars vegar og til greiðslu þjónustugjalda fyrir hugbúnað hins vegar frá árinu 2009?*

Ekki var hægt að greina á milli leyfisgjalda vegna hugbúnaðar annars vegar og þjónustugjalda vegna hugbúnaðar hins vegar. Stafar þetta af því að þjónusta er í mörgum tilvikum innifalin í leyfisgjaldi eða öfugt, þ.e. leyfisgjöld eru innifalin í þjónustusamningi. Þá fela kaup á hugbúnaði oft í sér heimild eða leyfi til að nýta sér hugbúnaðinn og því hefur ekki tekist að greina á milli kaupa og leyfisgjalda á hugbúnaði.

3. *Hvaða sérsmíðaða hugbúnað er ráðuneytið og hver undirstofnun þess að nota og:*

- hver er eigandi hugbúnaðarins,*
- eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út,*
- var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar,*
- hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins,*
- hver er tilgangur hugbúnaðarins?*

Í meðfylgjandi töflu má sjá sérsmíðaðan hugbúnað sem undirstofnanir ráðuneytisins nýta sér. Upplýsingum var safnað frá undirstofnunum sem svöruðu tölulíðum eftir bestu getu. Ekki er haldið sérstaklega utan um kostnað einstakra verkefna í bókhaldi ríkisins og því er d-liður ekki tiltækur í töflunni en heildarkostnaður er tiltekinn í töflunni hér að framan.

Fjárhæðir í milljónum króna.	Hver er eigandi hugbúnaðarins? (3a)	Eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út? (3b)	Var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar? (3c) Hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins? (3d)	Hver er tilgangur hugbúnaðarins? (3e)
<b>Hæstiréttur</b>				
Málaskrá	Gagnavarslan	Á ekki við	Verktökum	Heldur utan um gögn Hæstaréttar
<b>Landsréttur</b>				
GoPro-skjalaumsýslukerfi	Hugvit	Keypt notendaleyfi	Verktökum	Heldur utan um gögn Landsréttar
<b>Útlendingastofnun</b>				
Erlendur	Advania	S5	Verktökum	Erlendur er upplýsingakerfi sem heldur utan um öll mál stofnunarinnar, þ.e. öll gögn er tengjast umsóknunum um leyfi og alþjóðlega vernd.
<b>Ríkislögreglustjóri</b>				
Lögreglukerfið (LÖKE)	Ríkislögreglustjóri	Ríkislögreglustjóri á höfundarétt að hugbúnaðinum	Kröfufylsing unnin af ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytinu ásamt ráðgjöfum VKS. Þróað af Skýrr til loka árs 2011 og frá þeim tíma hefur þróun kerfisins verið sinnt af hálfu starfsmanna ríkislögreglustjóra	Heldur utan um öll verkefni lögreglunnar og þá verkþætti sem til koma vegna úrvinnslu

Fjárhæðir í milljónum króna.	Hver er eigandi hugbúnaðarins? (3a)	Eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út? (3b)	Var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar? (3c) Hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins? (3d)	Hver er tilgangur hugbúnaðarins? (3e)
Ökuskirteinaskrá	Ríkislögreglustjóri	Óljóst	Þróað á árunum 1995 til 1997 í samvinnu dómsmálaráðuneytis, Umferðarstofu og Tölvu-Mynda	Heldur utan um útgáfu ökuréttinda, gildistíma, takmarkanir, sviptingar, afturkallanir o.fl.
Skotvopnaskrá	Ríkislögreglustjóri	Óljóst	Þróað á árunum 1998 til 2000 af starfsmönnum ríkislögreglustjóra og VKS	Heldur utan um öll skráð vopn á landinu, umsóknir um leyfi og afgreiðslu þeirra, gildistíma, afturkallanir og sviptingar, eigendaferil vopna o.s.frv.
Leyfisveitingakerfi	Ríkislögreglustjóri	Nytjaleyfi	Viðbætur við grunnhugbúnað frá VKS voru þróaðar í samvinnu starfsmanna dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjóra og VKS	Heldur utan um öll leyfi sem lögreglan gefur út, umsóknir, afgreiðslu þeirra, gildistíma o.s.frv.
GoPro-skjalaumsýslukerfi	Hugvit ehf.	Nytjaleyfi	Þróað af Hugviti ehf.	Heldur utan um öll stjórnsýsluerindi og skjöl sem berast eða verða til vegna þeirra

Fjárhæðir í milljónum króna.	Hver er eigandi hugbúnaðarins? (3a)	Eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út? (3b)	Var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar? (3c) Hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins? (3d)	Hver er tilgangur hugbúnaðarins? (3e)
Microsoft-leyfi	Microsoft	Nytjaleyfi	Þróað af Microsoft	Keyrir vélbúnað í gagnaveri ríkislögreglustjóra, gagnagrunna, samskiptakerfi, notendahugbúnað o.fl. fyrir öll lögregluembætti, héraðssaksóknara, ríkissaksóknara og Útlendingastofnun
SIS II	Ríkislögreglustjóri	Ríkislögreglustjóri á höfundarétt	Kröfulýsing unnin af ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytinu ásamt ráðgjöfum Advania. Kröfulýsingin er byggð á reglugerð um SIS EU 1987/2006 og lögum nr. 16/2000	Löggæslusamvinnukerfi Schengen
VIS	Ríkislögreglustjóri	Ríkislögreglustjóri á höfundarétt	Kröfulýsing unnin af ríkislögreglustjóra, Útlendingastofnun og dómsmálaráðuneytinu. Kröfulýsingin er byggð á reglugerð um VIS-kerfið, EU 767/2008	Heldur utan um útgáfu á VISA-áritunarmiða dvalarleyfa

Fjárhæðir í milljónum króna.	Hver er eigandi hugbúnaðarins? (3a)	Eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út? (3b)	Var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar? (3c) Hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins? (3d)	Hver er tilgangur hugbúnaðarins? (3e)
G-kerfið	Ríkislögreglustjóri	Ríkislögreglustjóri á höfundarétt	Þróað á árunum 1999 til 2003 af ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum á Suðurnesjum og ráðgjöfum Advania	Heldur utan um skráningar á farþegalistum flugfélaga sem fljúga til og frá Íslandi. Farþegalistarnir eru síðan yfirfarnir vegna öryggissjónarmiða
Eurodac	Steria	Steria, framkvæmdastjórn ESB	Þróað út frá reglugerð EU 603/2013	Heldur utan um skráningar á umsækjendum um alþjóðlega vernd
Indico	Indico System AS	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Kerfi til upptöku á yfirheyrslum
Ibase / Analyst Notebook	IBM Inc.	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Kerfi til greiningar á gögnum
Sitewatch	Samsýn ehf.	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Kortagrunnur og ferilvöktunarkerfi til flotastýringar lögreglubifreiða og tækja
Sareye	Sareye ehf.	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Kerfi til aðgerðastjórnunar í samstarfi við Landsbjörg
Oracle	Oracle Inc.	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Gagnagrunnsleyfi fyrir ýmis kerfi, t.d. Eurodac
IBM	IBM Inc.	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Gagnagrunnsleyfi, afritunarkerfi o.fl.
Falcon Social	Falcon Social AS	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Kerfi fyrir samskipti á samfélagsmiðlum

Fjárhæðir í milljónum króna.	Hver er eigandi hugbúnaðarins? (3a)	Eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út? (3b)	Var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar? (3c) Hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins? (3d)	Hver er tilgangur hugbúnaðarins? (3e)
Veeam	Veeam Software	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Afritunarkerfi
Secunet	Secunet GmbH	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Hugbúnaður til dulkóðunar á net-samskiptum
Netapp	NetApp Inc.	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Kerfi til vélbúnaðarstýringar
VM Ware	VMWare Inc.	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Kerfi til sýndarvæðingar á búnaði
FileMaker	Filemaker Inc.	Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki, aðlögun gerð af starfsmönnum ríkislögreglustjóra	Kerfi um æfingaskipulag o.fl. hjá sérsveit
Ýmis önnur		Nytjaleyfi	Þróaður af fyrirtæki	Ýmis nytjaleyfi fyrir einstaka starfsmenn fyrir einstakan hugbúnað, t.d. Acrobat